

Fimmtudaginn 22. október 1981.

Nr. 159/1980. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

**Einari Þór Agnarssyni og**

**Kristjáni Inga Bragasyni**

(Páll S. Pálsson hrl.).

Bifreiðar. Nyttjastuldur. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum. Ítrekun.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Samkvæmt ákæruskjali, er varðar það mál, sem hér er til úrlausnar, voru fjórir menn ákærðir, en héraðsdómi áfrýjað til Hæstaréttar eingöngu að því er snertir tvo þeirra, ákærðu hér fyrir dómi.

Héraðsdómi var að ósk ákærðu skotið til Hæstaréttar, en einnig áfrýjað til þyngingar af hálfu ákærvalds.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Í héraðsdómi er málavöxtum lýst og vísað til réttra laga-ákvæða um brot ákærðu og um ákvörðun refsinga þeirra.

Refsing ákærða Einars Þórs Agnarssonar þykir hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuði og refsing ákærða Kristjáns Inga Bragasonar fangelsi 5 mánuði.

Að öðru leyti á héraðsdómur með skírskotun til forsendna hans að vera óraskaður að því leyti sem honum er áfrýjað til Hæstaréttar.

Dæma ber ákærðu til að greiða óskipt áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 4.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 4.000.00 krónur.

### **D ó m s o r ð:**

Ákærði Einar Þór Agnarsson sæti fangelsi 3 mánuði.

Ákærði Kristján Ingi Bragason sæti fangelsi 5 mánuði.

Að öðru leyti á héraðsdómur að vera óraskaður að því leyti sem honum hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar.

Ákærðu greiði óskipt allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 4.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 4.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

### **Dómur sakadóms Reykjavíkur 27. júní 1980.**

Ár 1980, föstudaginn 27. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómsara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 332-335/1980: Ákærvaldið gegn Grétari Magnússyni, Einari Þór Agnarssyni, Jóhanni Guðmundssyni og Kristjáni Inga Bragasyni, sem tekið var til dóms 23. þ. m.

Málið er höfðað með tveim ákæruskjölum ríkissaksóknara.

Með ákæruskjali, dagsettu 27. f. m., er höfðað mál á hendur Grétari Magnússyni, áður að Grettisgötu 92, nú að Barmahlíð 8, Reykjavík, fæddum þar í borg 4. nóvember 1962, Einari Þór Agnarssyni, Smyrilsvegi 29, Reykjavík, fæddum þar í borg 15. september 1960, Jóhanni Guðmundssyni, Marklandi 10, Reykjavík, fæddum þar í borg 12. ágúst 1960, og Kristjáni Inga Bragasyni, Gnoðarvogí 74, Reykjavík, fæddum þar í borg 19. janúar 1962, „fyrir eftirtalin brot framin í Reykjavík, nema annars sé getið:

#### I.

Gegn ákærða Grétari Magnússyni einum er málið höfðað fyrir að:

1. Taka í heimildarleysi að kvöldi mánudagsins 12. febrúar 1979 ásamt S. J. A. bifreiðina R 16274 við Ljósheima 16 og aka henni undir áhrifum áfengis og sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi, um götur borgarinnar og til Keflavíkur og til baka næsta dag.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956, 2. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengis laga nr. 82/ 1969, sbr. lög nr. 52/1978.

2. Fara í heimildarleysi að kvöldi laugardagsins 28. apríl 1979

ásamt V. E. G. inn í bifreiðina R 53851 við bifreiðasöluna Bíla-  
markaðinn á Grettisgötu og reyna að aka henni, undir áhrifum  
áfengis og sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi, en lögreglan kom  
að og hindraði þá félagi í áformi þeirra.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr., sbr. 20. gr. almennra  
hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1956, og 2. mgr. 25. gr., sbr. 80.  
gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976.

3. Taka í heimildarleysi aðfaranótt föstudagsins 11. maí 1979  
ásamt S. S. bifreiðina R 1640 við veitingahúsið Klúbbinn við  
Borgartún og aka henni, undir áhrifum áfengis og sviptur rétti  
til ökuleyfis, um götur borgarinnar og suður í Kópavog, þar sem  
ákærði skildi við félagi sinn.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga,  
sbr. lög nr. 20/1956, 2. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80.  
gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr.  
33. gr. áfengislaga, sbr. lög nr. 52/1978.

4. Taka í heimildarleysi sömu nótt bifreiðina P 1722 við  
Þverbrekku 2 í Kópavogi og aka henni, undir áhrifum áfengis og  
sviptur rétti til ökuleyfis, til Reykjavíkur, þar sem ákærði skildi  
við bifreiðina á Rauðarárstíg skammt frá lögreglustöðinni.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga,  
sbr. lög nr. 20/1956, 2. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80.  
gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33.  
gr. áfengislaga, sbr. lög nr. 52/1978.

5. Stela úr bifreiðinni P 1722 sömu nótt myndavél og seðla-  
veski.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

6. Taka í heimildarleysi að kvöldi föstudagsins 22. júní 1979  
ásamt S. J. bifreiðina R 62934 við Freyjugötu 1 og aka henni,  
undir áhrifum áfengis og sviptur rétti til ökuleyfis, um götur  
borgarinnar, en akstri lauk á bifreiðastæði við Vonarstræti 10.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga,  
sbr. lög nr. 20/1956, 2. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80.  
gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr.  
33. gr. áfengislaga, sbr. lög nr. 52/1978.

7. Taka í heimildarleysi aðfaranótt sunnudagsins 24. júní 1979  
bifreiðina R 27090 við Hörðaland og aka henni, undir áhrifum  
áfengis og sviptur rétti til ökuleyfis, víðsvegar um götur borgar-  
innar, óvarlega um Borgartún, þar sem ákærði ók utan í ljósa-  
staur, og síðan niður að tjörn og að Umferðarmiðstöðinni við  
Hringbraut, en þar skildi ákærði bifreiðina eftir.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1956, 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 37. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga, sbr. lög nr. 52/1978.

8. Taka í heimildarleysi aðfaranótt fimmtudagsins 20. september 1979 bifreiðina R 66409 við Hátún 6 og aka henni, undir áhrifum áfengis og sviptur rétti til ökuleyfis, víðsvegar um götur borgarinnar og eftir að lögreglan hóf eftirför, á ofsahraða, m. a. á allt að 160 km hraða miðað við klst. á Breiðholtsbraut, en akstri lauk með því, að ákærði ók á bifreiðina R 1781 við Smáragötu 2, en sú bifreið kastaðist á bifreiðina R 21316.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1956, 2. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., 1. mgr. 37. gr. og 1. mgr. 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga, sbr. lög nr. 52/1978.

9. Taka í heimildarleysi aðfaranótt þriðjudagsins 25. september 1979 bifreiðina R 51933 við Laugaveg 77 og aka henni, undir áhrifum áfengis og sviptur rétti til ökuleyfis, um götur borgarinnar, þar til lögreglan náði að stöðva akstur hans við Suðurlandsbraut 16.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1956, 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga, sbr. lög nr. 52/1978.

## II.

Gegn ákærðu Grétari Magnússyni og Einari Þór Agnarssyni er málið höfðað fyrir að:

1. Taka í heimildarleysi aðfaranótt mánudagsins 18. september 1978 bifreiðina R 31441 við Hvassaleiti 42, og ók ákærði Grétar henni, undir áhrifum áfengis og án ökuréttinda, um næstu götur, en akstri lauk í Brekkugerði með því, að hann ók á bifreiðina R 32685 kyrrstæða móts við hús nr. 2.

Teljast brot beggja varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1956, en brot ákærða Grétars einnig við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 37. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga, sbr. lög nr. 52/1978.

2. Taka í heimildarleysi aðfaranótt miðvikudagsins 15. nóvember 1978 bifreiðina G 8328 við Nýlendugötu 18, Mýrargötu-

megin, og gangsettu þeir hana í sameiningu, en ákærði Einar Þór ók henni, án ökuréttinda, undir áhrifum áfengis, nokkurn spöl eftir götunni, þar sem umráðamaður bifreiðarinnar kom í veg fyrir frekari akstur hennar.

Teljast brot beggja varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1956, en brot ákærða Einars Þórs einnig við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga, sbr. lög nr. 52/1978.

3. Taka í heimildarleysi aðfaranótt föstudagsins 19. janúar 1979 bifreiðina R 44368 við Tungusel 6, og ók ákærði Grétar henni, undir áhrifum áfengis og sviptur rétti til ökuleyfis, vestur í bæ, þar sem ákærðu skildu bifreiðina eftir skammt frá heimili ákærða Einars Þórs.

Teljast brot beggja varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1956, en ákærða Grétars einnig við 2. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga, sbr. lög nr. 52/1978.

### III.

Gegn ákærðu Grétari Magnússyni og Jóhanni Guðmundssyni er málið höfðað fyrir að taka í heimildarleysi aðfaranótt fimmtudagsins 26. apríl 1979 tvær bifreiðir í Reykjavík og aka þeim til skiptis í Reykjavík og víðar, undir áhrifum áfengis og sviptir ökuréttindum eða rétti til ökuleyfis, fyrst bifreiðina Ö 4731 við Nýlendugötu 29 og skiluðu henni aftur á sama stað, síðar R 50058 við Ránargötu 29, og lauk akstri á Grænuhlíð vegna afskipta lögreglu. Óku ákærðu bifreiðunum óvarlega og af ásettu ráði á hús, m. a. á verslun á Hvaleyrarholti í Hafnarfirði, ísbúð á Hagamel 67 í Reykjavík og verslun á Bræðraborgarstíg, enn fremur á bifreiðina R 59453 á Bjargarstíg við hús nr. 17.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1956, 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 37. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga, sbr. lög nr. 52/1978.

### IV.

Gegn ákærðu Grétari Magnússyni og Kristjáni Inga Bragasyni er málið höfðað fyrir að:

1. Taka í heimildarleysi aðfaranótt föstudagsins 13. október 1978 bifreiðina R 61168 við Laugarnesveg 38 og aka henni, und-

ir áhrifum áfengis og ákærði Grétar sviptur rétti til ökuleyfis, en ákærði Kristján Ingi án ökuréttinda, til skiptis um götur Reykjavíkur og suður fyrir Hafnarfjörð, þar sem lögreglan stöðvaði akstur þeirra.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1956, 2. mgr., sbr. 3. mgr. hjá Grétari og 4. mgr. hjá Kristjáni Inga, 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga, sbr. lög nr. 52/1978.

2. Taka í heimildarleysi að kvöldi mánudagsins 23. október 1978 í félagi við tvo aðra léttu bifhjólíð R 753 við Nýja Bíó, Lækjargötumegin, og aka því til skiptis um nærliggjandi götur, verandi báðir undir áhrifum áfengis og ákærði Grétar sviptur rétti til ökuleyfis, en ákærði Kristján Ingi án ökuréttinda, en akstri lauk við Urðarstíg 7, en þar skammt frá földu ákærðu hjólíð.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1956, 2. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga, sbr. lög nr. 52/1978.

3. Taka í heimildarleysi aðfaranótt sunnudagsins 24. júní 1979 bifreiðina R 33551 við Hólmgarð, og ók ákærði Grétar henni, undir áhrifum áfengis og sviptur rétti til ökuleyfis, að Óðinstorgi, þar sem vél bifreiðarinnar bilaði.

Teljast brot beggja varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1956, en ákærða Grétars einnig við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga, sbr. lög nr. 52/1978.

4. Taka í heimildarleysi síðar sömu nótt bifreiðina R 58352 við Baldursgötu 13 og bifreiðina R 65373 við Fljótasel 13 og aka þeim, báðir undir áhrifum áfengis og ákærði Grétar sviptur rétti til ökuleyfis, en ákærði Kristján Ingi án ökuréttinda, út fyrir borgina um Vífilsstaðaveg og suður að Hvaleyrarvatni, og reyndu þeir með sér í kappakstri á leiðinni, og rákust bifreiðarnar á. Lauk akstri R 58352 á Elliðavatnsvegi, þar sem hún fór út af veginum skammt norðan Lækjarbotna, en akstri R 65373 við sumarbústað við Hvaleyrarholt, þar sem bifreiðinni var ekið á hliðgrind og í gegnum hana.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1956, 2. mgr., sbr. 3. mgr. hjá Grétari og 4. mgr.

hjá Kristjáni Inga, 25. gr., 1. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 37. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga, sbr. lög nr. 52/1978.

## V.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, ákærðu Grétar Magnússon, Einar Þór Agnarsson og Kristján Ingi Bragason sviptir rétti til að öðlast ökuleyfi og ákærði Jóhann sviptur ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og allir til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar“.

Þá er höfðað mál á hendur ákærða Jóhanni einum með ákæruskjali, dagsettu 11. þ. m., „fyrir að taka í heimildarleysi aðfaranótt föstudagsins 29. júní 1979 bifreiðina Í 519 við Otrateig 48 í Reykjavík og aka henni, undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum, í Kópavog og Hafnarfjörð og aftur í Kópavog, þar sem ákærði skildi bifreiðina eftir við Kársnesskóla.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956, 2. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfisviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærðu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík og við meðferð málsins og samkvæmt öðru því, sem fram er komið í málinu:

*Ákæra dagsétt 27. maí 1980.*

## I.

1. Ákærði Grétar kom mánudagskvöldið 12. febrúar 1979 ásamt öðrum pilti að Ford Cortina fólksbifreiðinni R 16274, sem stóð við Ljósheima 16 í Reykjavík. Var ákærði að eigin sögn töluvert undir áhrifum áfengis og félagi hans einnig. Ákærði man ekki, hvort bifreiðin var læst eða ólæst, en hann gat ræst hana með húslykli, sem hann hafði meðferðis. Ákærði ók síðan heimildarlaust á brott, undir áhrifum áfengis og sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi, niður í miðborg Reykjavíkur, þar sem þeir félagar hittu stúlku úr Keflavík, en hana tóku þeir upp í bifreiðina og óku síðan að húsi við Suðurgötu í Keflavík. Í því húsi

dvöldu þeir félagar um nóttina, en árdegis næsta dag ók ákærði ódrukkinn til baka til Reykjavíkur og kom þangað um hádegisbilið. Yfirgáfu þeir bifreiðina við Gnoðarvog, og þar fannst hún. Ákærði var handtekinn síðar vegna þessa máls.

Eigandi bifreiðarinnar R 16274, Stefán Mogensen, Ljósheimum 16 A í Reykjavík, kærði töku bifreiðarinnar að morgni þriðjudagsins. Hann var ekki viss um, hvort bifreiðin var læst eða ólæst, þegar hún var tekin.

Stefán lagði fram reikninga vegna viðgerðar á gírkassa bifreiðarinnar, að fjárhæð kr. 63.278, en hann kvað gírkassa bifreiðarinnar hafa skemmst, en annað hefði ekki farið úrskeiðis.

Ákærði hefur mótmælt kröfu Stefáns, þar sem gírkassinn hafi verið bilaður, þegar hann tók bifreiðina, en urgað hafi í honum.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í þessum lið ákærunnar, að öðru leyti en því, að gegn neitun ákærða verður því ekki slegið föstu, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis á leiðinni til Reykjavíkur. Ber því að sýkna hann af því.

Þessi háttsemi ákærða þykir rétt færð til refsíákvæða í ákærinni.

Þar sem bótakröfunni er mótmælt, og hún er ekki nægjanlega rökstudd, ber að vísa henni frá dómi í máli þessu.

2. Ákærði Grétar settist í heimildarleysi, ölvaður og sviptur rétti til ökuleyfis, að kvöldi laugardagsins 28. apríl 1979 í öku-mannssæti Ford fólksbifreiðarinnar R 53851, sem stóð við bifreiðasöluna Bílamarkaðinn við Grettisgötu í Reykjavík, og tók í sundur kveikjuláspræðina í því skyni að gangsetja bifreiðina til að aka henni heimildarlaust á brott. Ákærði var með féлага sínum umrætt sinn, og settist hann einnig inn í bifreiðina, sem var ólæst. Lögreglan handtók þá féлага, áður en bifreiðin var komin í gang.

Ákærða var ekki tekið blóð í þágu rannsóknar málsins, og engar kröfur eru hafðar uppi á hendur honum vegna þessa af hálfu eiganda bifreiðarinnar.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærði hafi framið framangreint brot, sem er rétt fært til refsíákvæða í ákærinni.

3. Ákærði Grétar kom laust eftir miðnætti aðfaranótt föstudagsins 11. maí 1979 einsamall, undir áhrifum áfengis, að Rambler fólksbifreiðinni R 1640, þar sem hún stóð við veitingahúsið

Klúbbinn við Borgartún í Reykjavík. Bifreiðin reyndist ólæst, og settist ákærði inn í hana og gat ræst hana með húslykli, sem hann hafði meðferðis. Síðan ók hann, sviptur rétti til ökuleyfis, heimildarlaust á brott. Stutt frá veitingahúsinu við Borgartún tók hann upp kunningja sinn, Sigurbjörn Sigurðsson, sem þar var staddur við að reyna að taka aðra bifreið í heimildarleysi. Ákærði ók síðan nokkuð um borgina og suður í Kópavog, en þar kom upp ósætti milli þeirra félaga, og yfirgaf ákærði þá bifreiðina, en félagi hans hélt á brott í henni. Segir ákærði, að bifreiðin hafi ekkert verið farin að skemmast í þeirra höndum.

Sigurbjörn, félagi ákærða, var handtekinn í bifreiðinni næsta morgun klukkan 0630, þar sem hún var þá kyrrstæð á Suður-landsvegi við Gunnarshólma.

Eigandi bifreiðarinnar, Karl Kristjánsson, Miðtúni 40 í Reykjavík, kvað bifreiðina hafa verið lítils háttar skemmda, þegar hann fékk hana afhenta aftur. Hafði framhöggvari verið lítils háttar dældaður og stefnuljós óvirk. Karl gerði ekki bótakröfu vegna skemmdanna.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærði hafi gerst sekur um framangreint atferli, sem er rétt fært til refsíákvæða í ákær- unni.

4. Ákærði Grétar hélt að Þverbrekku 2 í Kópavogi, þegar hann hafði yfirgefið bifreiðina, og þar kom hann að Ford Cortina fólksbifreiðinni P 1722, sem hann gat opnað og ræst með lykli, sem hann hafði meðferðis. Ákærði ók síðan þessari bifreið, ölvaður og sviptur rétti til ökuleyfis, heimildarlaust á brott til Reykjavíkur, en þar lagði hann bifreiðinni á Rauðararstíg rétt hjá lög- reglustöðinni.

Að sögn eiganda bifreiðarinnar, Ingva Þórs Ragnarssonar, skemmdist bifreiðin ekkert í meðferð ákærða, og er því ekki gerð bótakrafa vegna töku hennar.

Þessi háttsemi ákærða er sönnuð með eigin játningu hans, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, og rétt færð til refsíákvæða í ákær- unni.

5. Þegar ákærði yfirgaf bifreiðina P 1722, hafði hann á brott með sér og sló eign sinni á myndavél og seðlaveski, sem síðar komst til skila.

Þetta atferli ákærða er sannað með eigin játningu hans, sem er í samræmi við annað það, sem fram er komið í málinu, og rétt fært til refsíákvæða í ákær- unni.

6. Föstudagskvöldið 22. júní 1979, um kl. 22, var ákærði Grétar staddur mikið ölvaður á Freyjugötu í Reykjavík. Við húsið nr. 1 kom hann að Cortina fólksbifreiðinni R 62934, sem var ólæst með kveikjuláslyklinum í að hans sögn, en læst að sögn eigandans. Með ákærða var félagi hans, Svanur Jónsson, Fögrubrekku 31 í Kópavogi. Ákærði ákvað að taka bifreiðina í heimildarleysi og fékk Svan til að koma með sér, þótt hann væri tregur til þess. Ákærði ók síðan heimildarlaust, mikið ölvaður og sviptur rétti til ökuleyfis, frá Freyjugötu 1 niður í miðborgina og um hana, þar til hann lagði bifreiðinni á bfreiðastæði við Vonarstræti 10 og yfirgaf hana ásamt féлага sínum.

Ákærði var handtekinn um klukkan 2320 um kvöldið við Austurvöll, en lögreglunni hafði skömmu áður verið tilkynnt um töku bifreiðarinnar, sem fannst um þetta leyti á áðurgreindum stað.

Ákærða var tekið blóð til alkóhólrannsóknar á slysadeild Borgarspítalans næstu nótt, klukkan 0110. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði hans 1.56‰.

Eigandi bifreiðarinnar R 62934, Jónas Kristjánsson, Freyjugötu 1, sá engar skemmdir á bifreið sinni eftir töku hennar og gerir því enga bótakröfu.

Sannað er með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, að hann gerðist sekur um umræddan verknað, sem er rétt færður til refsíákvæða í ákærðunni.

7. Aðfaranótt sunnudagsins 24. júní 1979 var ákærði Grétar drukkinn á ferð í Hörðalandi í Reykjavík. Þar í götunni kom hann að Ford Cortina fólksbifreiðinni R 27090. Ákærði komst inn í bifreiðina, sem hann man ekki, hvort var læst eða ólæst, og gat ræst hana með brotnum lykli, sem hann hafði meðferðis. Ákærði ók síðan drukkinn og sviptur rétti til ökuleyfis, heimildarlaust á brott og um borgina, en við veitingahúsið Klúbbinn við Borgartún tók hann upp í bifreiðina tvo eða þrjá farþega og ók þeim niður í miðborgina og að Umferðarmiðstöðinni. Í Lækjargötu við Tjörnina ók ákærði að eigin sögn upp á gangstétt og utan í ljósastaur, svo að bifreiðin skemmdist og sprakk á hjólbarða hægra megin að framan. Ákærði skeytti ekki um þetta og hélt viðstöðulaust áfram að Umferðarmiðstöðinni, þar sem hann skildi bifreiðina eftir. Ákærði kannast ekki við að hafa ekið utan í ljósastaur í Borgartúni, en því hafði einn af farþegum hans haldið fram. Bifreiðin fannst við Umferðarmið-

stöðina næsta dag og var mikið skemmd. Samkvæmt skýrslu lögreglumanns, sem skoðaði bifreiðina, var hægra afturbretti, afturstuðari og ljósabúnaður að aftan hægra megin skemmt og þar þess merki, að ekið hafði verið á. Þá voru felgur bæði að aftan og framan skakkar og beygðar og greinilegt, að ekið hafði verið utan í gangstéttarbrúnir.

Eigandi bifreiðarinnar, Einar Örn Hákonarson, Hörðalandi 22 í Reykjavík, kvaðst hafa skilið við bifreiðina læsta kvöldið áður en hún var tekin við heimili hans. Auk áðurgreindra skemmda kvað hann gluggapóst hægra megin í sundur. Af hálfu Einars Arnar hefur verið gerð krafa um 1.500.000 krónur í skaðabætur vegna tjónsins á bifreiðinni. Af hálfu ákærða er kröfunni mótmælt og krafist frávísunar á henni, þar sem hún sé órökstudd og ósundurliðuð.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er háttsemi ákærða í þessum lið ákærunnar sönnuð að öðru leyti en því, að ekki verður slegið föstu, hvort ákærði ók utan í staur í Borgartúni. Allt að einu er háttsemi ákærða í þessum lið ákærunnar rétt færð til refsíákvæða.

Þar sem bótakröfu Einars Arnar er mótmælt, og hún er hvorki sundurliðuð né rökstudd, verður henni vísað frá dómi í máli þessu.

8. Laust eftir miðnætti aðfaranótt fimmtudagsins 20. september 1979 var ákærði að koma einsamall, eitthvað undir áhrifum áfengis, úr Hátúni 6 í Reykjavík. Þar fyrir utan kom hann að Ford Cortina fólksbifreiðinni R 66409, sem ákærði segir, að hafi verið ólæst, þegar hann athugaði það. Ákærði ákvað að taka bifreiðina í heimildarleysi, og í hanskahólfi hennar fann hann lykil, sem hann gat notað til að ræsa hana með. Ákærði ók síðan heimildarlaust á brott, undir áhrifum áfengis og sviptur rétti til ökuleyfis, niður í miðborgina, en þar ók hann nokkra hringi. Í Garðastræti eða á Ránargötu ók ákærði utan í jeppa-bifreið, en sinnti því í engu og ók áfram og m. a. upp í Breiðholt.

Ákærði var að aka suður Reykjanesbraut, þegar hann sá lögreglubifreið, sem fór að aka á eftir honum. Herti ákærði þá ferðina og komst hann á milli 150 og 160 km hraða á Breiðholtsbrautinni undan hallanum. Ákærði hélt áfram um Vogahverfi, Álfheima og um Ármúla fram hjá veitingastaðnum Hollywood. Þar kveðst ákærði hafa ekið fram hjá á löglegum hraða. Ákærði ók síðan áfram og gerði allt, sem hann gat, til að losna undan

lögreglunni, en þó með gætni að eigin sögn, þar sem þess þurfti með. Akstrinum lauk við Smáragötu 2, þar sem ákærði ók á kyrrstæðu bifreiðina R 1781, sem aftur kastaðist á kyrrstæðu bifreiðina R 21316. Hraðaði ákærði sér síðan á brott, en var handtekinn í miðborg Reykjavíkur síðdegis næsta dag.

Á bifreiðinni R 66409 var hægra framhorn mikið dældað og gengið til. Á bifreiðinni R 1781 var vinstra afturhorn mikið dældað, og auk þess var vinstra frambretti og vinstra ökuljós að framan skemmt. Á bifreiðinni R 21316 var afturhöggvári boginn.

Ekki liggja fyrir bótakröfur vegna skemmda þeirra, er ákærði olli umrætt sinn á bifreiðunum þremur.

Famangreind háttsemi ákærða er sönnuð með játningu hans sjálfs, sem styðst við annað það, sem fram er komið í málinu. Varða brot ákærða við lagagreinar þær, er tilgreindar eru í ákæru um þessa háttsemi.

9. Ákærði Grétar var að koma einsamall, talsvert ölvaður, úr húsi við Hverfisgötu í nánd við Barónsstíg aðfaranótt þriðjudagsins 25. september 1979. Hann gekk síðan inn á bifreiðastæðið við Laugaveg 77, og þar settist hann inn í Willys jeppabifreiðina R 51933, sem var ólæst að hans sögn. Ákærði tengdi kveikju-lásþræðina, sem voru lausir, og setti bifreiðina þannig í gang. Ákærði ók nú heimildarlaust, ölvaður og sviptur rétti til öku-leyfis, um Barónsstíg, Skúlagötu, Laugaveg og Suðurlandsbraut, en við húsið nr. 16 við þá götu stansaði ákærði og lögreglumenn handtóku hann.

Ákærði var færður á slysadeild Borgarspítalans og honum tekið þar blóð til alkóhólrannsóknar klukkan 0255 um nóttina. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða 1.39‰.

Ekki eru hafðar uppi bótakröfur vegna töku ákærða á þessari bifreið, sem ekki er upplýst, hvort varð fyrir skemmdum eða ekki.

Sannað er með játningu ákærða sjálfs og öðru því, sem fram er komið í málinu, að ákærði hafi gerst sekur um framangreinda háttsemi, sem er rétt færð til refsíákvæða í ákærinni.

## II.

1. Ákærðu Grétar og Einar Þór voru aðfaranótt mánudagsins 18. september 1978, eitthvað undir áhrifum áfengis, á ferð við Hvassaleiti 42 í Reykjavík. Þar komu þeir að Ford Cortina fólks-

bifreiðinni R 31441, sem ákærðu komust inn í, en ákærði Grétar segist hafa opnað hana með lykli, sem hann hafði meðferðis. Síðan ræsti ákærði Grétar bifreiðina með sama lykli og ók á brott heimildarlaust, ölvaður og án ökuréttinda. Steig ákærði Grétar á bensíngjöfina, en bifreiðin var sjálfskipt. Ákærði Einar Þór hélt einnig í stýrið, en hann sat fast upp við hlið ákærða Grétars. Þeir óku um nærliggjandi götur, en sáu þá lögregluna í nánd. Ákærði Grétar hægði þá ferðina og forðaði sér út úr bifreiðinni eftir að hafa stöðvað hana. Ákærði Einar Þór varð eftir í bifreiðinni, sem fór á stað, um leið og ákærði Grétar sleppti hemlunum og stökk út. Ákærði Grétar fór á brott og sá ekki, hvernig ökuferðinni lyktaði. Stuttu síðar var ákærði Grétar handtekinn af lögreglunni í Stóragerði, en þar lá hann undir mannlausri bifreið. Ákærði Einar Þór gaf sig hins vegar fram við lögregluna. Hafði hann yfirgefið bifreiðina á eftir ákærða Grétari, en bifreiðin síðan lent á kyrrstæðu Volkswagen fólksbifreiðinni R 32685, sem stóð sunnan við Brekkugerði.

Á bifreiðinni R 3144 skemmdist vinstra framaurbretti, svunta og framhöggvari. Á bifreiðinni R 32685 skemmdust vinstra framaurbretti og framhöggvari.

Í þágu rannsóknar þessa máls var ákærða Grétari tekið blóð til alkóhólrannsóknar í slysadeild Borgarspítalans klukkan 0330 um nóttina. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða 1.04%.

Margrét Þórðardóttir, Hvassaleiti 42 í Reykjavík, eigandi bifreiðarinnar R 31441, gerir kröfu til þess að fá greiddar kr. 110.069 í bætur vegna skemmda á bifreiðinni og hefur lagt sundurliðaða og rökstudda kröfugerð fram.

Kröfu Margrétar hafa ákærðu ekki mótmælt, og þar sem hún er sundurliðuð og rökstudd og þykir í hóf stillt, verður hún tekin til greina, og ber að dæma ákærðu til þess að greiða hana óskipt.

Framangreind háttsemi ákærðu er sönnuð með játningum þeirra beggja og öðru því, sem fram er komið í málinu. Er hún rétt færð til refsíákvæða í ákærinni.

2. Aðfaranótt miðvikudagsins 15. nóvember 1978 voru ákærðu Grétar og Einar Þór staddir drukknir á Nýlendugötu í Reykjavík. Þar komu þeir að Ford Cortina fólksbifreiðinni G 8328, sem stóð Mýrargötumegin við húsið nr. 18 við götuna. Ákærðu voru stuttu áður búnir að ákveða að taka bifreið í heimildarleysi, en ekki man ákærði Grétar, hvor átti uppástunguna að því, en

ákærði Einar Þór kveðst hafa átt uppástunguna að því. Ákærðu komust inn í bifreiðina, en ekki muna ákærðu, hvort hún var læst eða ólæst. Með þeim var stúlka, sem einnig fór inn í bifreiðina. Ákærði Grétar sá um að ræsa bifreiðina, en ekki man hann, hvernig hann gerði það í þetta sinn. Ákærði Einar Þór ók síðan heimildarlaust og án ökuréttinda af stað með þau hin tvö sem farþega. Þegar ákærði Einar Þór var að bakka bifreiðinni, rakst hægri hlið hennar í bifreið, sem stóð fyrir aftan. Ákærði Einar Þór hafði aðeins ekið stuttan spotta, þegar fólk kom á vettvang. Stöðvaði ákærði Einar Þór þá bifreiðina, og reyndu þau öll þrjú að flýja. Tókst ákærða Grétari það og var ekki handtekinn fyrr en næsta dag, en ákærði Einar Þór var handtekinn af manni, sem hljóp hann uppi.

Ákærði Einar Þór var færður á slysadeild Borgarspítalans til töku á blóðsýni til alkóhólrannsóknar, og var honum tekið þar bód í þessu skyni klukkan 0215 um nóttina. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði hans 1.73‰.

Samkvæmt upplýsingum eiganda bifreiðarinnar G 8328 rispaðist og dældaðist öll hægri hlið bifreiðarinnar, en vinstra stuðarahorn bifreiðarinnar R 5222 rispaðist. Engar kröfur liggja fyrir í málinu af hálfu eigenda bifreiðanna.

Með játningu ákærðu beggja og öðrum gögnum málsins er framangreind háttsemi þeirra sönnuð, en hún er rétt færð til refsíákvæða í ákærunni.

3. Aðfaranótt föstudagsins 19. janúar 1979 voru ákærðu Grétar og Einar Þór að koma drukkknir úr samkvæmi í húsi við Tungusel í Reykjavík. Ákærði Grétar nennti ekki að ganga niður í borgina, og ákváðu þeir félagar að taka bifreið í heimildarleysi. Við Tungusel 6 komu þeir að Ford Cortina fólksbifreiðinni R 44368, sem ákærði Grétar gat opnað, en ekki man hann hvernig, en bifreiðina ræsti hann síðan með lykli, sem hann hafði meðferðis.

Ákærði Grétar ók nú heimildarlaust, undir áhrifum áfengis og sviptur rétti til ökuleyfis, vestur í borgina, en þar skildu þeir félagar við bifreiðina skammt frá Smyrilsvegi. Mál þetta upplýstist ekki fyrr en löngu síðar.

Eigandi bifreiðarinnar, Stefán Þorbergsson, Laugavegi 98 í Reykjavík, upplýsir, að bifreiðin hafi ekkert skemmst í meðförum ákærðu, og gerir hann engar kröfur í málinu.

Með eigin játningum ákærðu, sem eru í samræmi við annað,

sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærðu hafi gerst sekir um þetta ákæruatriði, sem er rétt fært til refsíákvæða í ákærunni.

### III.

Ákærðu Grétar og Jóhann voru staddir drukknir aðfaranótt fimmtudagsins 26. apríl 1979 á Nýlendugötu í Reykjavík, og höfðu þeir verið um nóttina við áfengisdrykkju hingað og þangað og síðast í húsi við Nýlendugötu.

Ákærðu ákváðu að taka í heimildarleysi Ford Mustang bifreiðina Ö 4731, sem stóð við Nýlendugötu 29. Bifreiðin var ólæst, og gat ákærði Grétar ræst hana með einhverju jární, sem hann fann í bifreiðinni. Ákærði Grétar ók nú heimildarlaust, ölvaður og sviptur rétti til ökuleyfis, á brott til Hafnarfjarðar. Þar ók ákærði Grétar af ásettu ráði á dyr að verslun á Hvaleyrarholti, svo að þær létu undan. Segir ákærði Jóhann, að ákærði Grétar hafi átt uppástunguna að því. Ákærðu fóru inn í verslunina. Telur ákærði Jóhann, að þeir hafi slegið þar eign sinni á eitthvað af vindlingum, en ákærði Grétar man ekki eftir því. Ákærði Grétar ók nú til baka til Reykjavíkur, en úr Kópavogi í Bústaðahverfi í Reykjavík ók ákærði Jóhann undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum. Þaðan ók ákærði Grétar og vestur á Hagamel. Ákærðu ákváðu það í sameiningu, að ákærði skyldi aka bifreiðinni á dyr Ísbúðar að Hagamel 67 í því skyni að komast þar inn til að leita peninga. Þetta tókst, og létu dyrnar undan. Ákærðu fóru síðan inn í búðina, en tóku þar ekki neitt að eigin sögn. Eftir þetta ók ákærði Grétar bifreiðinni áfram og nú að verslun á Bræðraborgarstíg, og þar ók ákærði Grétar enn á dyrnar til að sprengja þær upp og tókst það. Fór ákærði Jóhann síðan inn í leit að þýfi, en ákærði Grétar beið í bifreiðinni. Ákærði Jóhann tók að eigin sögn ekkert úr versluninni.

Ákærði Jóhann segir, að ákærði Grétar hafi ekið utan í bifreið, þegar hann ók bifreiðinni Ö 4731 af Óðinsgötu inn á Bjargarstíg. Ákærði Grétar viðurkenndi þetta hjá rannsóknardeild lögreglunnar, en mundi ekki eftir því, að þetta hefði komið fyrir, þegar hann gaf skýrslu við meðferð málsins. Hann vefengir það þó ekki.

Bifreið sú, sem ekið var á umrædda nótt, var Lada fólksbifreiðin R 59453. Samkvæmt lögregluskýrslu um athugun á bifreiðinni voru báðar hurðir á hægri hlið talsvert dældaðar, og einnig var hægra frambretti lítilla dældað. Vottaði lítilla fyrir lit af Lada bifreiðinni á stuðara Mustang bifreiðarinnar.

Eftir að ákærðu höfðu farið með Mustang bifreiðina á sama stað, fóru þeir niður á Ránargötu, en við húsið nr. 29 við þá götu komu þeir að Ford Cortina fólksbifreiðinni R 50058. Ákærðu ákváðu að taka bifreiðina í heimildarleysi. Ákærði Grétar kveðst telja bifreiðina hafa verið opna og hafi hann ræst hana með húslýkli sínum. Ákærði Jóhann telur ákærða Grétar hins vegar hafa opnað og ræst bifreiðina með járnplötu. Ákærðu héldu nú heimildarlaust á brott í bifreiðinni, og ók ákærði Grétar henni, ölvaður og sviptur rétti til ökuleyfis, um götur í næsta nágrenni, en einhvers staðar í vesturborginni urðu ákærðu þess varir, að lögreglan var á eftir þeim. Hófst nú eftirför, og ók ákærði Grétar sem hann mátti til að sleppa undan lögreglunni, sem náði ákærðu í Grænuhlíð, eftir að þeir höfðu yfirgefið bifreiðina í innkeyrslu þar í götunni.

Ákærða Grétari var tekið blóð til alkóhólrannsóknar á slysa-deild Borgarspítalans klukkan 0645 um morguninn. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði hans 0.75‰.

Eigandi bifreiðarinnar Ö 4731, Sighvatur Cassata, Nýlendingötu 29 í Reykjavík, hefur lagt fram sundurliðaða og rökstudda bótakröfu að fjárhæð kr. 653.564 vegna skemmda, sem urðu á bifreiðinni. Þá hefur eigandi bifreiðarinnar R 50058, Valdimar Eiríksson, Silfurteigi 5 í Reykjavík, sett fram skaðabótakröfu að fjárhæð kr. 33.800 vegna skemmda á felgum á bifreiðinni.

Með eigin játningum ákærðu, sem eru í samræmi við annað það, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærðu hafi gerst sekir um háttsemi þá, sem þeim er gefin að sök í þessum kafla ákærunnar og þar þykir rétt færð til refsíákvæða að öðru leyti en því, að háttsemi ákærða Jóhanns, sem ekki er upplýst, að hafi ekið óvarlega, varðar að því er hann snertir ekki við 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga.

Ákærðu hafa báðir samþykkt framangreindar kröfur, sem þykja rökstuddar, sundurliðaðar og í hóf stillt. Ber því að taka þær til greina og dæma ákærðu til þess að greiða þær óskipt.

#### IV.

1. Ákærði Grétar var staddur undir áhrifum áfengis aðfaranótt föstudagsins 13. október 1978 á Laugarnesvegi í Reykjavík. Við Laugarnesveg 38 kom ákærði að Ford Cortina fólksbifreiðinni R 61168, sem hann ákvað að taka í heimildarleysi. Bifreiðin var ólæst, en hana ræsti ákærði, að hann minnr, með húslýkli sínum.

lykli sínum. Ákærði ók síðan heimildarlaust, undir áhrifum áfengis og sviptur rétti til ökuleyfis, að horni Grettisgötu og Barónsstígs, en þar lagði hann bifreiðinni og hélt heim til ákærða Kristjáns Inga og vakti hann. Ákærði Kristján Ingi ók bifreiðinni síðan frá umræddum stað heimildarlaust, undir áhrifum áfengis og án ökuréttinda, um götur Reykjavíkur og suður fyrir Hafnarfjörð, þar sem lögreglan stöðvaði þá féлага og handtók nokkru fyrir klukkan 4 um nóttina. Vissi ákærði Kristján Ingi um hina heimildarlausu töku bifreiðarinnar, áður en hann hóf akstur hennar.

Í þágu rannsóknar þessa máls var ákærðu báðum tekið blóð til alkóhólrannsóknar á slysideild Borgarspítalans, ákærða Kristjáni Inga klukkan 0445, en ákærða Grétari klukkan 0505. Samkvæmt niðurstöðu þessara rannsókna reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða Grétars 0.99%, en í blóði ákærða Kristjáns Inga 1.68%.

Bifreiðin reyndist óskemmd, og eru engar ótákröfur hafðar uppi vegna töku hennar.

Samkvæmt framburðum ákærðu er ósannað, að ákærðu hafi báðir átt í upphafi aðild að töku bifreiðarinnar, sem sannað er með framburðum þeirra beggja og öðru því, sem fram er komið í málinu, að þeir notuðu báðir heimildarlaust og óku til skiptis, eins og nánar er rakið í ákæru. Er háttsemi þeirra rétt færð til refsíákvæða í ákærunni.

2. Ákærðu Grétar og Kristján Ingi voru staddir ásamt tveim öðrum piltum fyrir utan Nýja Bíó, Lækjargötumegin, að kvöldi mánudagsins 23. október 1978. Fyrir utan húsið var létt bifhjólíð R 753, sem ákærði Grétar gangsetti heimildarlaust og ók síðan, ölvaður og sviptur rétti til ökuleyfis, stuttan spotta, en síðan tóku aðrir við og óku til skiptis að Urðarstíg 7. Á þessari leið ók ákærði Kristján Ingi stuttan spotta undir áhrifum áfengis og ökuréttindalaus. Ákærði Grétar faldi síðan hjólíð í húsasundi skammt frá, að eigin sögn. Ákærðu voru ekki handteknir fyrr en næsta dag.

Ekki er upplýst um skemmdir á hjólinu eða hvar það fannst.

Þessi háttsemi er sönnuð með framburðum ákærðu og öðru því, sem fram er komið, og er rétt færð til refsíákvæða í ákæru.

3. Ákærðu Grétar og Kristján Ingi voru staddir drukknir í Hólmgarði í Reykjavík aðfaranótt sunnudagsins 24. júní 1979, eftir að ákærði Grétar hafði skilið bifreiðina R 27090 eftir við Umferðarmiðstöðina, sbr. I. kafla, 7. lið. Komu þeir félagar

að Ford Cortina fólksbifreiðinni R 33551, sem ákærði Grétar man ekki, hvort var læst eða ólæst, en ákærða Kristján Inga minnir, að hafi verið ólæst. Ákærði Grétar gat ræst bifreiðina með brotnum lykli, sem hann hafði meðferðis. Síðan ók ákærði Grétar bifreiðinni heimildarlaust, undir áhrifum áfengis og sviptur rétti til ökuleyfis, niður í borgina með ákærða Kristján Inga sem farþega. Á Laugavegi fór að rjúka úr bifreiðinni, og lagði ákærði Grétar henni þá á bifreiðastæði við bókabúð Máls og menningar eða einhvers staðar ekki langt frá Óðinstorgi.

Með eigin játningum ákærðu, sem eru í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærðu hafi gerst sekir um framangreinda háttsemi, sem er rétt færð til refsí-  
ákvæða í ákærinni.

Ottó Svavar Victorsson, Hólmgarði 41 í Reykjavík, eigandi bifreiðarinnar R 33551, hefur gert kröfu til þess að fá greiddar 370.000 krónur í skaðabætur vegna skemmda á vél bifreiðarinnar, sem hafi að mati Ögmundar Runólfssonar bifvélavirkja sennilega brætt úr sér og hringir á stimplum ofhitnað. Þurfi því að gera vélina upp. Frekar er skaðabótakrafa ekki rökstudd, og ekki liggur fyrir sundurliðun kröfunnar. Af hálfu ákærðu er krafist frávísunar á kröfunni, þar sem hún sé órökstudd og ósundurliðuð.

Með hliðsjón af þeim rökum, sem færð eru fram fyrir kröfu um frávísun kröfunnar, ber að vísa henni frá sakadómi.

4. Eftir að ákærðu höfðu skilið við bifreiðina R 33551, héldu þeir að Baldursgötu 13, og þar komu þeir að Ford Cortina fólksbifreiðinni R 58352, sem þeir ákváðu að taka í heimildarleysi. Ákærðu komust inn í bifreiðina, og gat ákærði Grétar ræst hana með sama brotna lyklinum. Hann ók síðan heimildarlaust, undir áhrifum áfengis og sviptur rétti til ökuleyfis, um götur borgarinnar og upp í Breiðholt. Með þeim félögum hafði verið frá því í Hólmgarðinum stúlka, og sat hún aftur í bifreiðinni. Við Fljóta-  
sel 13 ákváðu ákærðu að taka í heimildarleysi Ford Cortina fólksbifreiðina R 65373, svo að ákærðu gætu báðir ekið, en fram að þessu hafði ákærði Kristján Ingi ekki gert það.

Ákærðu muna ekki, hvort bifreiðin R 65373 var læst eða ólæst, en hana ræsti ákærði Grétar með sama lykli og áður og ók henni síðan heimildarlaust á brott með stúlkuna sem farþega, en ákærði Kristján Ingi tók við stjórn bifreiðarinnar R 58352 og ók henni heimildarlaust, ölvaður og án ökuréttinda. Þeir óku síðan um Breiðholtshverfið, um Vífilsstaðaveg og suður að Hvaleyrar-

vatni, hvor á eftir öðrum. Á þessari leið þreyttu ákærðu með sér kappakstur, og rákust bifreiðarnar saman undir lokin. Einhvers staðar á þessum slóðum missti ákærði Kristján Ingi bifreiðina R 58352 út af veginum, en þó valt hún ekki. Henni var þó ekki hægt að aka áfram, en hjólbarði hafði sprungið.

Ákærði Kristján Ingi fór nú yfir í hina bifreiðina og tók við stjórn hennar og ók henni að lokum í gegnum járnhlið að sumarbústað við Hvaleyrarvatn. Nokkru eftir klukkan 8 næsta morgun voru þau öll þrjú handtekin af lögreglunni í Hafnarfirði við sumarbústað við Hvaleyrarvatn.

Í þágu rannsóknar þessa máls var ákærðu báðum tekið blóð til alkóhólrannsóknar á lögreglustöðinni í Hafnarfirði af Haraldi Dungal lækni, sem tók ákærða Grétari blóð klukkan 0938 um morguninn, en ákærða Kristjáni Inga klukkan 1007. Samkvæmt niðurstöðu þessara rannsókna reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða Grétars 1.30%, en ákærða Kristjáns Inga 2.97%.

Samkvæmt skýrslu annars tveggja lögreglumanna, sem handtóku ákærðu, var hægri hurð og hliðarrúða í bifreiðinni R 58352 brotin. Þá var undirvagn bifreiðarinnar mikið skemmdur, felgur dældaðar og viftuspaði brotinn. Á bifreiðinni R 65373 var vinstra frambretti talsvert dældað, hægra frambretti lítillega dældað, bæði stefnuljós að framan brotin og lítil dæld í hægri framhurð. Þá var búið að rífa í sundur hlíf utan um stýrisstöngina, og kveikjulásinn lá á gólfinu. Í dældinni á vinstra frambretti mátti greina lit svipaðan lit bifreiðarinnar R 58352.

Eigendur bifreiðanna, Ingi K. Magnússon, Baldursgötu 13, eigandi bifreiðarinnar R 58352, og Guðmundur Vignir Ingvarsson, Fljótaseli 13, eigandi bifreiðarinnar R 65373, hafa haft uppi bótakröfur vegna skemmda á bifreiðunum. Krefst hinn fyrrnefndi bóta að fjárhæð kr. 676.000, en hinn síðarnefndi að fjárhæð kr. 711.940, auk hæstu lögleyfðra vaxta frá 1. júlí 1979 til greiðsludags. Báðar byggjast kröfurnar á sundurliðuðu mati á skemmdum þeim, sem urðu á bifreiðunum.

Framangreind háttsemi ákærðu er sönnuð með játningum þeirra beggja, sem eru í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, og er rétt færð til refsíákvæða í ákærinni.

Þar sem áðurgreindum tveim kröfum er ekki mótmælt og þeim þykir í hóf stillt, ber að taka þær til greina og dæma ákærðu Grétar og Kristján Inga til þess að greiða þær óskipt, en vísa ber frá vaxtakröfu Inga, þar sem ekki er getið hverra vaxta sé krafist.

*Ákæra dagsett 11. júní 1980.*

Aðfaranótt föstudagsins 29. júní sl. var ákærði Jóhann staddur eitthvað undir áhrifum áfengis á Hrístateigi í Reykjavík, en ákærði hfaði verið við áfengisdrykkju hingað og þangað kvöldið áður og þá um nóttina.

Annað hvort á Hrístateigi eða við Otrateig kom ákærði að Ford Cortina fólksbifreiðinni Í 519, sem hann gat opnað og ræst með lykli, sem hann hafði meðferðis.

Ákærði ók síðan heimildarlaust, undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum, á brott í Kópavog og Hafnarfjörð og aftur í Kópavog, þar sem hann skildi bifreiðina eftir við Kársnes-skóla. Síðan hélt hann að Kársnesbraut 99 ásamt stúlku, sem hann hafði tekið upp í bifreiðina í ökuferðinni. Dvaldi hann þar fram á næsta dag.

Engar kröfur eru hafðar uppi á hendur ákærða vegna tóku bifreiðarinnar, sem skemmdist ekkert.

Þessi háttsemi ákærða er sönnuð með játningu hans, sem studd er öðru því, sem fram er komið í málinu, og rétt færð til refsíákvæða í ákærinni.

Samkvæmt sakavottorðum ákærðu og öðrum upplýsingum hafa þeir sætt kærur og refsingum sem hér segir:

**Ákærði Grétar:**

- 1978 Reykjavík: Uppvís að broti á 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 8/5 1978.
- 1978 Reykjavík: Uppvís að broti á 1. mgr. 259. gr. og 1. mgr. 259. gr., sbr. 20. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 8/5 1978.
- 1978 18/9 Reykjavík: Sátt, 60.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. og 27. gr. umferðarlaga. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 10 mánuði.
- 1979 5/9 Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga. Ekki gerð sérstök refsing.
- 1979 23/8 Reykjavík: Dómur: 1 mánaðar fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot á 259. gr. hegningarlaga, 25. gr., 27. gr. og 37. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur heimild til að öðlast ökuleyfi í 1 ár frá dómsbirtingu.
- 1979 16/11 Reykjavík: Sátt, 40.000 kr. sekt fyrir brot á 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.
- 1980 29/1 Reykjavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi, skilorðsbund-

ið í 2 ár, fyrir brot á 244. gr., sbr. 20. gr., hegningarlaga.

1980 31/1 Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga. Ekki gerð sérstök refsing.

Ákærði Einar Þór:

1977 25/3 Reykjavík: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengisлага.

1977 29/12 Reykjavík: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengisлага.

1977 Reykjavík: Uppvís að broti á 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 16/9 1977.

1978 18/4 Vestmannaeyjum: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengisлага.

1978 8/6 Reykjavík: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengisлага.

1978 29/7 Reykjavík: Sátt, 10.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengisлага.

1978 25/8 Reykjavík: Sátt, 80.000 kr. sekt fyrir brot á 120. gr. hegningarlaga.

1978 28/12 Reykjavík: Sátt, 10.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengisлага.

1978 28/12 Reykjavík: Dómur: 30 daga vradhald, skilorðsbundið í 2 ár, og 100.000 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga, 25. gr. og 27. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengisлага. Sviptur rétti til ökuleyfis í 15 mánuði frá 28/12 1978.

1979 20/1 Reykjavík: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengisлага.

1979 3/3 Hafnarfirði: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengisлага.

1979 12/3 Reykjavík: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengisлага.

1979 3/4 Reykjavík: Ávana og fíkn.: Sátt, 70.000 kr. sekt fyrir brot á 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.

1979 1/8 Reykjavík: Sátt, 150.000 kr. sekt fyrir brot á 25. og 27. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengisлага. Sviptur rétti til ökuleyfis í 1 ár frá 28/3 1980.

1979 1/8 Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga. Refsiákvörðun frestað skilorðsbundið í 2 ár.

- 1979 5/9 Reykjavík: Dómur: 100.000 kr. sekt og 30 daga varðhald, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot á 259. gr. hegningarlaga og 25. gr. umferðarlaga. Sviptur heimild til ökuréttinda í 1 ár frá dómsbirtingu.
- 1979 25/10 Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot á 244. gr. og 248. gr. hegningarlaga.
- 1979 19/11 Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot á 252. gr. hegningarlaga.
- 1980 31/1 Reykjavík: Sátt, 10.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1980 18/2 Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot á 254. gr. hegningarlaga. Ekki gerð sérstök refsing.
- 1980 13/3 Reykjavík: Dómur: 30 daga fangelsi og 100.000 kr. sekt fyrir brot á 244. gr. og 259. gr. hegningarlaga, 25. gr. og 27. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur heimild til ökuréttinda í 2 ár frá 13/3 1980.
- 1980 12/5 Reykjavík: Dómur: 15 daga fangelsi og 100.000 króna sekt fyrir brot á 1. mgr. 259. gr., sbr. 20. gr. hegningarlaga, 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur heimild til ökuréttinda 3 ár frá birtingu dómsins að telja (hegningarauki).

#### Ákærði Jóhann:

- 1977 Reykjavík: Uppvís að broti á 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 5/4 1977. Frestun ákæru birt 26/4 1977.
- 1977 1/6 Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga. Refsiákvörðun frestað skilorðsbundið í 2 ár.
- 1978 9/3 Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr., 254. gr. og 259. gr. hegningarlaga og 26. gr., 27. gr. og 37. gr., 41. gr. og 48. gr. umferðarlaga. (Dómur frá 1/6 1977 tekinn með).
- 1979 8/3 Reykjavík: Ávana og fíkn.: Sátt, 20.000 kr. sekt fyrir brot á 2. gr., sbr. 5. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.
- 1979 2/11 Reykjavík: Dómur: 45 daga fangelsi fyrir brot á 254. gr. hegningarlaga.
- 1979 21/12 Reykjavík: Dómur: 45 daga fangelsi fyrir brot á 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga og 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga (hegningarauki). Sviptur ökuleyfi í 18 mánuði frá 12/12 1978.

## Ákærði Kristján Ingi:

- 1977 Reykjavík: Uppvís að broti á 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 16/9 1977.
- 1978 25/11 Reykjavík: Sátt, 16.000 kr. sekt fyrir brot á 2. gr., sbr. 5. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.
- 1978 7/11 Hafnarfirði: Sátt, 30.000 kr. sekt fyrir brot á 157. gr. hegningarlaga og 11. gr., 25. gr., 27. gr. og 80. (svo) mgr. 60. gr. umferðarlaga. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 3 mánuði frá 7/11 1978.
- 1978 17/12 Reykjavík: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1979 11/1 Reykjavík: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1979 1/8 Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga. Refsiákvörðun frestað skilorðsbundið í 2 ár.
- 1979 23/8 Reykjavík: Dómur: 1 mánaðar fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot á 259. gr. hegningarlaga.
- 1979 19/11 Reykjavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
- 1980 29/1 Reykjavík: Sátt, 150.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga, 24. gr. áfengislaga og 257. gr. hegningarlaga. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 4 mánuði frá 29/1 1980.
- 1980 29/1 Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot á 217. gr. og 244. gr. hegningarlaga.
- 1980 18/2 Reykjavík: Dómur: 1 mánaðar fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
- 1980 5/2 Reykjavík: Ávana og fíkn.: Sátt, 120.000 kr. sekt fyrir brot á 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.
- 1980 12/5 Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga. Ekki gerð refsing.

Með atferli því, er um ræðir í 8. og 9. lið I. kafla ákærunnar frá 27. f. m., hefur ákærði Grétar rofið skilorð dómsins frá 23. ágúst sl., en hin skilorðsbundna refsing samkvæmt þeim dómi hefur verið felld inn í skilorðsbundnu refsinguna samkvæmt dóminum frá 29. janúar sl. Verður ákærða nú ákvörðuð refsing með hliðsjón af 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga, og samkvæmt 60. gr. þeirra laga verður felld inn í þennan dóm

refsing sú, sem ákærða var ákvörðuð með dóminum frá 29. janúar sl. Með hliðsjón af ungum aldri ákærða annars vegar, en hins vegar vegna þess, hversu ákærði hefur oft brotið af sér, þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 1 ár.

Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga þykir rétt, að seta ákærða Grétars í gæsluvarðhaldi, annars vegar frá 25. júní f. á., klukkan 1630, til 4. júlí sl., klukkan 1500, eða 9 daga, og hins vegar frá 25. september sl., klukkan 2230, til 18. október sl., klukkan 1420, eða 23 daga, samtals 32 dagar, komi refsingu ákærða til frádráttar.

Við athugun á refsidómi ákærða Einars Þórs frá 19. nóvember sl. verður ekki séð, að tekin sé afstaða til þeirra skilorðsdóma á hendur ákærða, sem upp höfðu verið kveðnir fyrir þann tíma. Þar sem ekki er gert ráð fyrir því samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga, að sami maður eigi nema einn skilorðsdóm í einu, þykir þó rétt að leggja það til grundvallar, að refsing samkvæmt skilorðsdómunum sé innifalin í hinu 4 mánaða fangelsi, sem ákærði var dæmdur í umrætt sinn, enda er skilorðsdóma þessara getið í dóminum. Verður ákærða nú ákvörðuð refsing með hliðsjón af 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga. Þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í 2 mánuði.

Refsing ákærða Jóhanns verður ákveðin með hliðsjón af 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga. Þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í 2 mánuði.

Refsing ákærða Kristjáns Braga (sic) verður ákveðin með hliðsjón af 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga. Þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði Kristján Ingi sat í gæsluvarðhaldi frá 25. júní, frá klukkan 1705, til 4. júlí sl., klukkan 1500, eða samtals 9 daga. Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga þykir rétt, að þessi gæsluvarðhaldsvist ákærða komi refsingu hans til frádráttar.

Ákærði Grétar þykir hafa unnið sér til þess að verða sviptur rétti til þess að öðlast ökuleyfi, svo sem krafist er í ákæru og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir. Vegna þess hversu mörg brot ákærða eru og stórfelld, þykir bera að svipta hann ævilangt rétti til að öðlast ökuleyfi frá uppkvaðningu dómsins að telja.

Ákærði Einar Þór þykir hafa með háttsemi sinni unnið sér til þess að verða sviptur rétti til þess að öðlast ökuleyfi, svo sem krafist er í ákærunni og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir, en þar sem ákærði var sviptur rétti til þess að öðlast

ökuleyfi í 3 ár með dómnum frá 12. maí sl., þykir eigi ástæða til að ákveða frekari sviptingu þessa réttar, enda eru ákærða nú ákvörðuð viðurlög með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga, eins og áður er fram komið.

Ákærði Jóhann þykir með háttsemi sinni, sem rakin var, hafa unnið sér til þess að verða sviptur ökuréttindum, svo sem krafist er í ákærunum og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir. Þykir hæfilegt að gera honum sviptingu ökuréttinda í 6 mánuði til viðbótar fyrri sviptingu, og miðast sviptingin við uppkvaðningu dómsins.

Ákærði Kristján Ingi hefur með háttsemi sinni unnið sér til þess að verða sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi, svo sem krafist er í ákæru og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir. Þykir hæfilegt að svipta ákærða til viðbótar fyrri sviptingu þessum rétti í 18 mánuði frá uppkvaðningu dómsins að telja.

#### Dómsorð:

Ákærði Grétar Magnússon sæti fangelsi í 1 ár. Til frádráttar refsingunni skal koma 32 daga gæsluvarðhald hans.

Ákærðu Einar Þór Agnarsson og Jóhann Guðmundsson sæti hvor um sig fangelsi í 2 mánuði.

Ákærði Kristján Ingi Bragason sæti fangelsi í 3 mánuði. Til frádráttar refsingunni skal koma 9 daga gæsluvarðhald hans.

Ákærði Grétar er sviptur ævilangt rétti til þess að öðlast ökuleyfi.

Ákærði Jóhann er sviptur ökuréttindum í 6 mánuði frá uppkvaðningu dómsins að telja.

Ákærði Kristján Ingi er sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 18 mánuði frá uppkvaðningu dómsins að telja.

Ákærðu Grétar og Einar Þór greiði Margréti Þórðardóttur, Hvassaleiti 42 í Reykjavík, óskipt 110.069 krónur í skaðabætur.

Ákærðu Grétar og Jóhann greiði í skaðabætur óskipt Sighvati Cassata, Nýlendugötu 29 í Reykjavík, 653.564 krónur og Valdimar Eiríkssyni, Silfurteigi 5 í Reykjavík, 33.800 krónur.

Ákærðu Grétar og Kristján Ingi greiði í skaðabætur óskipt Inga K. Magnússyni, Baldursgötu 13 í Reykjavík, 676.000 krónur og Guðmundi Vigni Ingvarssyni, Fljótaseli 13 í Reykjavík, 711.940 krónur.

Ákærði Grétar greiði skipuðum verjanda sínum, Brynjólfi Kjartanssyni hæstaréttarlögmanni, 120.000 krónur í málsvarnarlaun, ákærðu Einar Þór og Kristján Ingi greiði skipuðum verjanda sínum, Páli A. Pálssyni héraðsdómslögmanni, óskipt 120.000 krónur í málsvarnarlaun og ákærði Jóhann greiði skipuðum verjanda sínum, Erni Clausen hæstaréttarlögmanni, 80.000 krónur í málsvarnarlaun, en annan sakarkostnað greiði ákærði Grétar að hálfu, en hinir ákærðu að 1/6 hluta hver.

---

Fimmtudaginn 22. október 1981.

Nr. 158/1980. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

**Kristjáni Inga Bragasyni**

(Páll S. Pálsson hrl.)

og

**Magnúsi Helga Kristjánssyni**

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Skjalafals. Þjófnaður.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Samkvæmt ákæruskjali voru fimm menn ákærðir, en héraðsdómi eingöngu áfrýjað til Hæstaréttar að því er tvo þeirra varðar, ákærðu hér fyrir dómi.

Héraðsdómi var að ósk ákærðu skotið til Hæstaréttar, en einnig áfrýjað af hálfu ákærvalds til þyngingar.

Í héraðsdómi er málavöxtum lýst og vísað til réttra laga-ákvæða um brot ákærðu og um ákvörðun refsingar þeirra að öðru leyti en því, að eigi þykir eiga að ákveða refsingu ákærða Kristjáns Inga Bragasonar með hliðsjón af 78. gr.